

Til umsagnar 596. frá nefndarsviði Alþingis

Góðan dag.

Ákvæði um að ekki megi afhenda áfengi á helgidögum Þjóðkirkunar, ásamt öðrum tilteknum frídögum, finnst mér vera út í hött.

Það er ekki síst á þessum dögum, sem ástæða er til að gera sér glaðan dag. Fólk er gjarnan í frí og vill nota tækifærið til að gera eitthvað skemmtilegt; til dæmis að fara í brugghústúr. Það væri jafn asnalegt þá, eins og það er nú, að meiga ekki kaupa sér löglega, smakk á staðnum. Ekki hoppar maður úti Vínbúð, því sú stofnun er lokuð á þessum dögum.

Svo þarf reyndar að lyfta kollinum uppúr sandinum, snúa öðru auga en því blinda að vefversluninni. Leyfa hana, fyrst hún er stunduð óáreitt og hætta þar með að þykjast. Nú, talandi um þykjustuleik, þá á það sama við um auglýsingar á áfengi.

Fyrir hönd Gæðings.

Árni Hafstað.